


LEIÐBEININGAR UM RITUN, FRÁGANG OG ÚTLIT RITUNARVERKEFNA

- Forsíða
- Efnisyfirlit (þegar það á við)
- Inngangur
- Meginmál
- Lokaorð
- Heimildaskrá (í heimildaritgerðum)

Ritun

- Byrja á því að velja efni og passa að ætla sér ekki of mikið.
- Leita heimilda eða skrifa niður stikkorð áður en ritun hefst.
- Eru heimildirnar áreiðanlegar?

Forsíða



- Alltaf skal skila ritgerð með forsíðu, jafnvel þó að hún sé ekki lengri en tvær blaðsíður

Frágangur

- Fara skal eftir fyrirmælum kennara um leturgerð, leturstærð og línubil.
- Röð efnispátta skal vera: Forsíða, efnisyfirlit, inngangur, meginmál, lokaorð, heimildaskrá.
- Alltaf skal höfundur skrifa undir verkið eigin hendi.

Nokkur atriði sem ber að varast

- Forðist 1. persónu frásögn í heimildaritgerðum.
- Eigin skoðun má gjarnan koma fram í niðurlagi en hana þarf að rökstyðja. Ónothæf lokaorð eru til dæmis: „Mér fannst þetta efni skemmtilegt og hef lært mikið á þessu verkefni.“
- Millifyrirsagnir eru óþarfar í stuttri ritgerð – nóg að nota greinaskil milli efnisgreina.
- Í heimildaritgerðum skal nota fyrirsagnirnar „Inngangur“ og „Lokaorð“ en ekki „Meginmál“ (sjá glæru 7). Finnið annað heiti yfir meginmálið. Í bókmenntaritgerðum og persónulegum ritgerðum skal það ekki gert.

Inngangur

- Í inngangi ritgerðar skal gera grein fyrir efni ritgerðarinnar og kaflaskiptum.
- Spurningar settar fram ef um heimildaritgerð er að ræða.
- Gott er að hefja inngang á góðri „kveikju“ þ.e. einni eða tveimur setningum þar sem reynt er að vekja áhuga lesandans á efninu.
- Gera síðan stutta grein fyrir innihaldi án þess að segja of mikið.
- Ljúka inngangi með því að nefna hvað lokaorð ritgerðarinnar fela í sér.

Meginmál

- Í meginmáli er viðfangsefninu gerð skil út frá heimildum.
- Áhersla lögð á aðalatriði og spurningum svarað í samfelldu máli.
- Meginmáli er skipt í kafla eftir efnispáttum. Aldrei skal nota fyrirsögnina „Meginmál“ heldur fyrirsagnir sem endurspeglar innihald eða vekja áhuga á efninu.
- Vitna skal í heimildir þegar það á við (sjá glærur 9 - 13).

Lokaorð

- Í lokaorðum eru aðalatriði ritgerðarinnar dregin saman í nokkurs konar útdrátt og þarf að gæta þess að spurningum sem settar voru fram í upphafi hafi verið svarað.
- Í lokaorðum á að koma fram niðurstaða og nú má höfundur setja fram eigin skoðun á efninu. Jafnvel tengja efnið við eigin viðhorf og reynslu.
- Gæta skal þess að hafa lokaorðin ekki of stutt og innihaldslítill.

Mikilvægt

- Þegar texti er ritaður er mjög mikilvægt að taka fram hvaðan upplýsingar eru fengnar. Þetta á ekki við um þekkingu sem er almenn eins og „Reykjavík er höfuðborg Íslands“ eða „ÍR er íþróttafélag“.
- Upplýsingar eins og nákvæmur fjöldi íbúa í Reykjavík eða nafn formanns knattspyrnudeildar ÍR er aftur á móti ekki almenn þekking.
- Aldrei skal taka texta beint eða óbeint frá öðrum án þess að geta heimilda. Slíkt kallast ritstuldur.

Tilvitnanir – Óbeinar tilvitnanir

- ⦿ Þegar upplýsingar eru teknar úr bókum, tímaritsgreinum eða af netinu þarf að geta þeirra sérstaklega hvort sem þær eru teknar beint eða umorðaðar.
- ⦿ Eftir hverja óbeina tilvitnun þarf að geta hvaðan heimildin er fengin.
- ⦿ **Dæmi um óbeina tilvitnun:**
- ⦿ Mikilvægustu félagsmótunaraðilar barna og unglunga eru meðal annars fjölmiðlar og íþróttafélög. Aðlögun að breytingum í umhverfinu og ný þekking er ferli sem á sér stað allt lífið (Garðar Gíslason, 2001).

Tilvitnanir – Bein tilvitnun

Þegar upplýsingar eru teknar úr bókum, tímaritsgreinum eða af netinu þarf að geta þeirra sérstaklega hvort sem þær eru teknar beint eða umorðaðar.

Bein tilvitnun

- Þegar um beina tilvitnun er að ræða er hún sett í gæsalappir og heimildin sett í sviga fyrir aftan. Dæmi:
„Fjölmiðlar, vinir eða íþróttafélög eru líka mikilvægir félagsmótunaraðilar í lífi barna eða unglunga“ (Garðar Gíslason, 2001, bls. 99).
- Þegar bein tilvitnun er lengri en þrjár línur er gæsalöppum sleppt og tilvitnunin inndregin. Dæmi:
 - Fjölmiðlar, vinir eða íþróttafélög eru líka mikilvægir félagsmótunaraðilar í lífi barna eða unglunga. Allt lífið ertu að læra eitthvað nýtt, uppfæra gamla þekkingu og aðlaga þig að breytingum sem eiga sér stað í umhverfinu (Garðar Gíslason, 2001, bls. 99).

Heimildaskráning

Allra heimilda þarf að geta í heimildaskrá. Dæmi:

- Bók eftir íslenskan höfund:
 - Garðar Gíslason. (2001). *Þjóðfélagsfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Bók eftir erlendan höfund: Eftirnafnið er á undan skírnamnafni og upphafsstafur skírnamnafns aðeins tilgreindur.
 - Bowness, A. (1985). *Modern European Art*. London: Thames and Hudson.

Heimildaskráning

● Tímarit:

- Höfundur. (ártal). Titill greinar. *Tímarit, árgangur*(tölublað), bls. xxx-xxx
 - **Dæmi:** Valur B. Jónatansson. (2005). Árin í Noregi hafa gefið mér mikið. *Golf á Íslandi*, 15(5), bls.110-112.

● Vefsíða:

- Nafn heimasíðu/höfundar. (ártal, dagur, mánuður ef dagsetning er tilgreind en annars e.d.). Nafn á greininni. Sótt af slóðin.
 - **Dæmi:** Ölduselsskóli. (2012, 15. apríl). 4. bekkur í bíó. Sótt af <http://www.olduselsskoli.is/>

● Ritstýrð bók eða safnrit:

- Nafn ritstjóra (ritstjóri). (ártal). *Titill bókar*. Útgáfustaður: Útgefandi.

● Bók án höfundar eða ritstjóra:

- *Titill bókar*. (ártal). Útgáfustaður: Útgefandi.

Munnlegar heimildir

- Munnlegar heimildir eru yfirleitt einungis notaðar ef ritaðar heimildir eru ekki til eða erfitt er að nálgast þær.
- Þegar munnlegar heimildir eru notaðar er farið með þær eins og aðrar heimildir í lesmálinu og þær skráðar innan tilvísunarsviga eftir að vitnað er í þær. Hins vegar eru þær **EKKI** settar í heimildaskrá. **Dæmi:**
 - Í fyrirlestri Jóns Jónssonar (munnleg heimild 25. september 2011) kom fram að 98% landsmanna...

Myndir

- Ef notaðar eru myndir í ritgerð, til skrauts eða skýringa, er mikilvægt að þær séu í góðu samræmi við umfjöllunarefnið.
- Almennt er sér myndaskrá og sér töfluskrá á eftir heimildaskrá í fræðilegum ritgerðum. Æskilegt er að geta þess sérstaklega neðst í heimildaskrá hvaðan myndir eru fengnar t.d. með vefslóð sem vísar beint á myndina.
Dæmi:

- **Myndir:**

[Ölduselsskóli](#). Sótt af Google Images.

[Albert Einstein Head](#). Wikimedia Commons.

Heimildaskráning

- Í heimildaskrá skal skrá allar þær heimildir sem notaðar voru í ritgerðinni í stafrófsröð.
- Ef höfundur á fleiri en eina heimild þá ræður ártal uppröðun (elsta fyrst). Dæmi:
 - Svala Jónsdóttir. (2016). *Unglingar og snjallsímar*. Reykjavík: Þrymur.
 - Svala Jónsdóttir. (2017). *Ritun og gildi hennar*. Reykjavík: Þrymur.
- Ekki þarf að skrá munnlegar heimildir í heimildaskrá enda ekki hægt að finna þær aftur.

Gangi ykkur vel!

Heimildir

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum (4. útgáfa)*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Leiðbeiningavefur ritvers Menntavísindasviðs. (e.d.). Forsíða. Sótt af <https://skrif.hi.is/ritver/>